

Hvernig virkar rathlaup?

Rathlaup er eins og víðavangshlaup, með þeirri viðbót að þátttakendur þurfa kort til að rata á réttu staðina. Á kortinu eru ákveðnar stöðvar merktar með rauðum hring og rathlaupara verða finna stöðvarnar og „stimpla sig inn á þeim“. Á stöðvunum er rathlaupafáni og tímatökubúnaður. Þátttakendur fá tímatökupinna sem þarf að stinga í gatið á stöðinni til að stimpla sig inn. Þá kemur ljós og lítið píp heyrst.



Mynd 1 Rathlaupafáni til vinstri, stimplun á stöð nr. 31 til hægri

Í rathlaupi er engin fyrirfram ákveðin leið og því má nánast hlaupa hvaða leið sem er milli stöðvanna. Þið ákveðið leiðina, t.d. hvort þið farið stuttu leiðina beint í gegnum skóginn eða öruggu leiðina á stígnum

Rathlaupara verða samt að finna stöðvarnar í réttri röð. Byrja á fyrstu stöðinni, svo annari og svo framvegis. Fyrsta stöðin sem þarf að finna er með númerið frá 31 til 100. Hér til hliðar er mynd af stöðvum fyrir einhverjar rathlaupabraut. Þar kemur fram að fyrsta stöðin sem þarf að finna er númer 51 og sú næsta er númer 31 (t.d. eins og má sjá á myndinni hér fyrir ofan). Þannig geta hlaupara séð að þeir séu við rétta stöð (eða ranga ef þeir villast). Táknið sem eru til hliðar við númerin eru fyrir reyndari hlaupara og þið skulið ekkert velta þeim fyrir ykkur.

Svartur hópur	7,3 km		
▷			
1	51		
2	31	⋯	⊙
3	33	∩	
4	34	⚠	⊙
5	35	▲	⊙
6	36	▲	⊙
7	47	▲	⊙

Hér fyrir neðan er sýnishorn af rathlaupakorti með skýringum á kortatáknum

